Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Málsskjöl um vegalagningargjald 1904

Aðfnr. 1370, örk 2

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Árna Sæmundssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLANDS SUÐURAMT OG VESTURAMT

Reykjavík 29. Febr. 1904.

5/3.

Með því bæjarstjórnin í Reykjavík hefir farið þess á leit að jeg vildi skipa setudómara til þess að meðhöndla og dæma mál, sem hún sjer sig knúða til að höfða á móti húseiganda Árna Sæmundssyni hjer í bænum til greiðslu á tillagi til vegalagningar á ákveðnum stað í Reykjavíkurkaupstað, og hinn reglulegi dómari í kaupstaðnum, bæjarfógeti Halldór Daníelsson, hefir lýst því yfir 24. þ.m., að hann, sem er formaður bæjarstjórnarinnar, víki úr dómarasæti í þessu máli, skipa jeg yður hjermeð, velborni herra sýslumaður, til þess að meðhöndla og dæma fyrgreint mál, og skal við meðferð þess nota meðfylgjandi bók, sem jeg hef löggilt sem dómsmálabók í Reykjavíkurkaupstað til notkunar í þessu máli

Lagt fram í bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar 7. apríl 1904

Nº 1

Páll Einarsson

[illegible]

Gskj. 167/1904.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og tveimur öðrum málum.

J. Havsteen

Hr. Páll Einarsson
Sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 2 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 7. apríl 1904
Páll Einarsson

Jeg undirskrifaður þarf í umboði og fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur, eptir árangurslausa sáttatilraun að lögsækja Árna Sæmundsson, til heimilis hjer í bænum, til greiðslu á kr. 18,75 a., sem er gjald til vegalagningar, er honum ber að greiða, sem lóðareiganda við Grettisgötu, samkvæmt ályktun bæjarstjórnar og eptir skilyrði, sem gjört var við útmæling á lóð hans.

Fyrir því stefnist hjer með nefndum Árna Sæmundssyni í Reykjavík, að mæta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið verður á venjulegum stað og tíma fimmtudaginn hinn 7. apríl næstkomandi, til þess þar og þá að heyra sökina, bera fram vörn og þola dóm í framangreinda átt, eptir nánar ákveðnum rjettarkröfum á sínum tíma um greiðslu ofannefndrar upphæðar og um málskostnað.

Reykjavík 26. mars 1904.

Einar Benediktsson

Ár 1904, laugardaginn 26. marzmánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

i Reykjavík birt framanm ritada stefnu trjesmid Árna Sæmundssyni persónulega á heimili hans við Grettisgötu hjer í bænum,

þetta vottum við samkvæmt stefnuvotta eidi okkar og stadfestum með nöfnum okkar og innsiglum

Gjaldið 50 fimmtíu aurar

Greitt
B. S.

B. Björnsson Sig Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 3 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 7. apríl 1904
Hall Einarsson
settidómari

Á fundi sínum 20. febrúar 1902 ákvað bæjarstjórnin samkvæmt samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 9. okt. 1872 að þeir sem lóð eiga að nýjum götum skyldu bera þátt í kostnaði við lagningu veganna, og var hluttdeild lóðareigendanna í þessum kostnaði síðar ákveðin 75 aurar á hverja alin í lengd lóða meðfram götunni. Við lóðarmælingar, sem eptir það fóru fram, var hlutaðeigendum tjáð þetta ákvæði bæjarstjórnarinnar, og það gjört að skilyrði fyrir útmælingunni að þeir greiddu gjaldið.

Samkvæmt þessu voru lóðareigendum við Grettisgötu og Hverfisgötu á öndverðu síðastliðnu ári sendir reikningar yfir gjald það, er þeim ber að greiða til lagningar þessara gatna, þar á meðal Árna Sæmundssyni, eiganda lóðarinnar nr. 57 við Grettisgötu, sem er 25 al. með götunni, svo að upphæðin sem hann var krafinn um nam 18 kr. 75 aur., en það gjald hefir hann eigi enn greitt. -

Með því að bæjarstjórnin hefir ákveðið að innheimta þessi vegarlagningargjöld með lögsókn og falið mér framkvæmd þeirrar ályktunar, leyfi jeg mér hjermeð að beiðast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess, að hin háttvirta sáttanefnd kalli nefndan
Árna Sæmundsson fyrir sig ásamt mjer, og reyni
að miðla svo málum, að hann gangist undir
að greiða bæjarsjóði tjeð gjöld ásamt sáttakostnaði.
Takist það ekki, mun jeg krefjast þess, að
málinu verði vísað til úrlausnar dóm-
stólanna.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 10. febr. 1904.

Virðingarfyllst.

Halldór Daníelsson.

Til
sáttanefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvennt framanritaðri sáttakæru er herra Árni Sæmundsson hjer í bænum kallaður fyrir sáttanefnd Reykjavíkur á sáttafund, sem haldinn verður þriðjudaginn 16. febrúar 1904 kl. 9 árdegis í bæjarþingsstofunni hjer. Kærandi mæti á sama stað og tíma

Sáttanefndinni Reykjavíkur, 11. febrúar 1904.

Gjaldið - 50 aurar - greitt

JM

Jón Magnússon

Ár 1904, fimmtudaginn 11. febrúar mánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík, birt framanritaða stefnu Árna Sæmundssyni trjesmið persónulega á heimili hans í húsinu № 57 við Grettisgötu hjer í bænum.

Þetta vottum við, samkvæmt stefnuvotta eiði okkar, og staðfestum, með nöfnum okkar, og innsiglum.

Gjaldið 50 aurar

JB. SP.

J Björnsson Sig Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904 16. Febr. var mál þetta tekið fyrir í sáttanefndinni. Málspartar mættu sjálfir. Sátta var leitað en árangurslaust og er því málinu eptir kröfu kæranda vísað til aðgjörða dómstólanna.

Í sáttanefnd Reykjavíkur 16. Febr. 1904.

Jón Magnússon Eiríkur Briem.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 4. Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 7. apríl 1904
Páll Einarsson
setudómari.

# Útskrift
úr
bæjarstjórnarbók Reykjavíkur.

Ár 1903, fimmtudaginn 19. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

. . . . . . . . . . . . . . .

10. Bæjarstjórnin samþykkti að innheimta með lögsókn, ef á þarf að halda, tillög, sem ógreidd kunna að vera, til nýrra vega frá eigendum lóða, er að hinum nýju vegum liggja.

. . . . . . . . . . . . . . .

Allir á fundi, nema Björn Kristjánsson.
Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. G. Björnsson. Magnús Einarsson. Sig. Thoroddsen. Þórh. Bjarnarson. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason. Tryggvi Gunnarsson. Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.

\+ \+ \+

Ár 1904, fimmtudaginn 18. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

. . . . . . . . . . . . . . .

11. Bæjarstjórnin fól formanni sínum, að flytja eða láta flytja mál þau, er höfðuð eru til innheimtu tillaga til vegalagninga nýrra gatna, sbr. fund 19. nóv. þ. á. 10. tölulið.

Allir á fundi, nema

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Kristjánsson og Magnús Einarsson.
Fundi slitið.
Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson.
Tryggvi Gunnarsson. Kristján Jónsson.
Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen.
Þórh. Bjarnarson. Sighvatur Bjarnason.
S. Björnsson. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason. Jón Magnússon

Rjett útskript staðfestir.
Halldór Daníelsson

Samkvæmt framanskráðum fundargjörðum veitist hjermeð hr. Einari Benediktssyni yfirrjettarmálaflutningsmanni fullt og óskorað umboð til að flytja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur mál það, sem bæjarstjórnin hefur höfðað með sáttakæru dags. 10. f.m. á hendur Árna Sæmundssyni trjesmið í Grettisgötu til greiðslu á ólokn**u** tillagi til vegarlagningar í Grettisgötu.
Bæjarfógetinn í Reykjavík 26. marz 1904.
Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 5 Lagt fram á bæjarþingi Reykjavíkur 1. apríl 1904
Páll Einarsson
setudómari

# Útskript
## úr
## bæjarstjórnarbók Reykjavíkur.

Ár 1902, fimmtudaginn 6. febrúar var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

1. . . – Ályktað að bíða tillögu byggingarnefndar um það, hvernig framfylgja skuli hið fyrsta því ákvæði bæjarsamþykktarinnar, að við lagning nýrra gatna geti þeir er lóð eiga að, orðið skyldaðir til að leggja til kostnaðarins við vegalagninguna.

. . . . . . . .

Allir á fundi, nema T. Björnsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Jón Jensson.
Tryggvi Gunnarsson. Magnús Benjamínsson.
Sighvatur Bjarnason. Halldór Jónsson. Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Ólafsson.

Ár 1902, fimmtudaginn hinn 20. febrúarmánaðar var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

. . . . . . . .

2. Byggingarnefndargjörð frá 15. og 18. þ. m. lesin upp og samþykkt. Álitinu um niðurjöfnun á kostnaði við lagningu nýrra gatna var þá frestað til næsta fundar.

. . .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Allir á fundi, nema Magnús Benjamínsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson.
Jón Jensson. Tryggvi Gunnarsson. Sig. Thoroddsen
Ólafur Ólafsson. Þórh. Bjarnarson.

# Útskrift
## úr
## byggingarnefndarbók Reykjavíkur kaupstaðar.

—— // ——

Ár 1902, þriðjudaginn 18. febrúar átti byggingarnefndin fund með sjer, og tók þá fyrir þessi mál:

. . . . . . .

3. Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum 6. þ. m. ákveðið samkvæmt heimild í bæjarstjórnarsamþykktinni 4. des. 1888, 20. gr., að jafna framvegis kostnaði við nýjar vegalagningar á hlutaðeigandi lóðareigendur, og beiðst tillögu byggingarnefndarinnar um nánari tilhögun og niðurjöfnun þessa kostnaðar. Út af þessu ljet nefndin það álit uppi, að rjettast væri að allir lóðareigendur bæru þennan kostnað tiltölulega, einnig þeir, sem þegar hafa fengið útvísaðar lóðir við fyrirhugaða vegi eða vegalengingar, og það, hvort sem þeir þegar hefðu reist hús á lóðinni eða eigi, með því að önnur aðferð mundi valda ójöfnuði, og að vegagjaldinu verði jafnað eptir fyrirfram gjörðri áætlun yfir allan vegagjörðakostnaðinn tiltölulega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðun á hverja alin í lengd lóðanna sem að veginum liggja.

Fleira kom ekki fyrir.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason og Magnús Benjamínsson (erlendis).

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Bj. Guðmundsson.
Tryggvi Gunnarsson. Eiríkur Briem.

# Útskript
## úr
## bæjarstjórnarbók Reykjavíkur.

Ár 1902, fimmtudaginn hinn 16. okt. var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

. . . . . . . . . . . .

4. Ákveðið að lóðareigendur við Hverfisgötu framlenginguna og Grettisgötu leggi til vegalagningar þar, sem nú stendur til að framkvæma, 75 a. hver af hverri blasandi alin í veginum fyrir sinni lóð.

. . . . . . . . . . . .

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson.
Jón Jensson. Þórh. Bjarnarson. Tryggvi Gunnarsson.
Ólafur Ólafsson. Magnús Benjamínsson.
Sig. Thoroddsen. Sighvatur Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rjettar útskriptir staðfestir.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 6 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 7. apríl 1904
Páll Einarsson

Útskript [illegible]

úr

byggingarnefndarbók Reykjavíkurkaupstaðar.

—————//—————

Ár 1902, þ. 11. júní átti byggingarnefndin fund með sjer, og voru tekin fyrir þessi málefni:

. . . . . . . .

8. Árna Þormundssyni útvísuð lóð og húsastæði norðan við Grettisgötu fyrir austan lóð Sveins Jónssonar (sjá útmæl. 3. f. m.), lóðin 26 x 40 al. og húsastæðið 9 x 10 al. með skúr að norðanverðu 3 x 3½ al. Bannað var að láta ganginn snúa út að götunni; og áskilið að beiðandi taki tiltölulegan þátt í kostnaði við lagningu Grettisgötu.

. . . . . . . .

Allir á fundi; nema Helgi Helgason og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Eiríkur Briem.
Bj. Guðmundsson. Magnús Benjamínsson.

Rjett útskript staðfestir.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr 7 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 7. apríl 1904
Páll Einarsson

# Sókn

í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Árna Sæmundssyni

Jeg leyfi mjer hjermeð að leggja fram sáttakæru og stefnu, 2 útskriptir úr bæjarstjórnarbók Reykjavíkur ásamt með umboði fyrir mig til þess að flytja málið og 1 útskript úr byggingarnefndarbók bæjarins.

Eins og hin framlögðu skjöl bera með sjer hefur stefndi verið skyldaður til þess, að greiða 18 krónur 75 aura í vegalagningargjald til bæjarsjóðs Reykjavíkur og hefur honum við útmælingu lóðar við Grettisgötu hjer í bænum verið gjört það að skilyrði að hann borgaði þennan kostnað við vegagjörð fram með lóð hans á sama hátt sem aðrir eigendur lóðarbletta þar.

Hinar framlögðu útskriptir sýna svo glöggt að stefndi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er hjer krafinn um gjaldfallna skuld að jeg finn
ekki ástæðu til frekari málsútlistunar að þessu
sinni, en leyfi mjer að skírskota til málskjalanna
og gjöra þá rjettarkröfu að stefndi verði dæmdur til
þess að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur framanskráða
upphæð Kr. 18,75 aura og einnig allan kostnað málsins
með tilheyrandi upphæð hæfilegri eptir mati rjettarins.

Legg jeg svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara

Reykjavík 7. april 1904.

Virðingarfyllst

Einar Benediktsson

Til
bæjarþings Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram í Bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 21/4 1904
Páll Einarsson
settudómari.

No 8

# Vörn

í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn

Árna Sæmundssyni

Um leið og ég skila aptur skjölum málsins, er mér voru léð í síðasta rjettarhaldi, skal jeg virðingarfyllst leyfa mér að fara um mál þetta nokkrum orðum.

Upphaf sú, er mál þetta er risið af, er svo til komin, að bæjarstjórnin hefir krafizt þess, að stefndi greiddi 18 Kr. 75 a., sem hún kallar vegalagningargjald, og hjá honum eiga að greiða í því skyni, að gata hafi verið lögð fram hjá húseign hans í kaupstaðnum.

Bæjarstjórnin hjáist hafa lagt gjald þetta á stefnda, samkvæmt heimild, er felist í 20. gr. samþykktar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík frá 4. dec. 1888 sbr. 20. gr. samþykktarinnar frá 9. oct. 1872, og skal því eigi neitað, að téðar samþykktir, sem í þessu atriði eru samhljóða 21. gr. hinnar núgildandi samþykktar frá 1902, virðast í fljótu bragði veita bæjarstjórninni þessa heimild, ef þær eru skoðaðar einar útaf fyrir sig, en þegar þess er gætt, að allt gildi samþykkta þessara byggist á því, að þær eigi fari út fyrir takmörk þau, sem þeim eru ákveðin í 31. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar frá 20. april 1872, þá verður annað efst á blaði.

Í 31. gr. nefndrar tilskipunar er nú bæjarstjórninni að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

visu gefin heimild til þess að gera samþykktir, er landshöfðingi staðfestir, um ýms atriði, sem þar eru nefnd, svo sem um það, að fela sérstökum nefndum ýms störf, um tölu bæjarfulltrúa, eindaga bæjargjalda o. fl., og ennfremur um „sérhvert atriði í bæjarstjórninni, sem þyki áskilegt að tilhaga nákvæmar, samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem tilskipun þessi hefir inni að halda". – Í grein þessari eru takmörkin því greinilega tiltekin, að því er samþykktarvald bæjarstjórnarinnar snertir, og fer því mjög fjarri, að bæjarstjórninni sé með nefndri lagagrein, eða annarsstaðar, veitt heimild til þess, að taka upp í samþykktina ákvæði um vegalagningagjöld, eða önnur ný gjöld á bæjarbúa, er tilskipunin frá 20. apríl 1872 eigi gerir ráð fyrir, enda hefur bæjarstjórnin sjálf viðurkennt þetta, þar sem hún hefir séð sig tilknúða að leita til löggjafarvaldsins, er um ný bæjargjöld eða breytingu eldri bæjargjalda var að ræða, sbr. lög 19. oct. 1877 og lög 19. sept. 1879.

Bæjarstjórnin hefur því, að því er ákvæði samþykktarinnar um vegalagningagjaldið snertir, farið út fyrir takmörk samþykktavalds síns, og afleiðingin er sú, að ákvæðið er ekki bindandi fyrir bæjarbúa, né heldur neinar ályktanir byggingarnefndar eða bæjarstjórnar, sem á þessu ólöglega ákvæði byggjast.

Staðfesting landshöfðinga á samþykktinni, hvort sem hún er sprottin af athugaleysi, eða af misskilningi á 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, gjörir að sjálfsögðu enga breytingu í þessu efni, þar sem staðfestingarvald landshöfðinga er nákvæmlega sömu takmörkunum bundið, sem samþykkta-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vald bæjarstjórnarinnar.

Þar sem því enn fremur af hálfu stefnandans er haldið fram, að stefnda hafi verið tilkynnt þessi ályktun bæjarstjórnarinnar, neita jeg því gagngjört, að svo hafi verið, eins og jeg líka neita því, að hann hafi á nokkurn hátt undirgengist, að greiða slíkt gjald, er útmælingin fór fram, eða síðar.

Jeg skal og ennfremur leyfa mér að benda á það, að bæjarstjórnina og byggingarnefndina brast heimild til þess að binda útmælingar nokkru slíku skilyrði, þar sem þeim var skylt að láta lóðirnar af hendi ókeypis, án þess að áskilja nokkurt gjald fyrir, sbr. tilskipun um friheit kaupstaðanna á Íslandi frá 17 nóv. 1786, 5. gr. — Þetta hefir og bæjarstjórnin viðurkennt, þar sem hún hefir séð sig tilknúða, að leita heimildar löggjafarvaldsins til lóðarsölu, sbr. lög 3 oct. 1903; en vegalagningargjald, sem skilyrði fyrir útmælingu, er í raun og veru ekkert annað en nokkurs konar lóðasala, eða kemur að minnsta kosti alveg í sama stað niður.

Að bæjarstjórnin hefir látið líða nær 30 ár, frá því er ákvæðið um vegalagningagjaldið var fyrst tekið upp í samþykkt kaupstaðarins, þar til hún fer að beita því, virðist og ljóslega benda til þess, að hún hefir verið sér þess meðvitandi, að gjald þetta myndi arið hæpin tekjugrein fyrir kaupstaðinn, og hefði bæjarstjórninni óefað verið sæmst að fylgja sömu reglunni framvegis, í stað þess að fara nú að reyna að beita þessu ákvæði gegn fátækum mönnum í úthverfum kaupstaðarins,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem virdist afar-ósamgjarnt, þar sem allur þorri bæjarbúa hefir áður fengið götur eða vegi að lóðum sínum, og ekki þurft að greiða neitt sérstakt gjald í því skyni, enda gerir bæjarstjórnartilskipunin frá 20. april 1872, eða önnur löggjöf kaupstaðarins, alls ekki ráð fyrir sérstökum gjaldaálögum til vega eða gatna, en atlast þvert á móti til þess að bæjarfélagið verji til þeirra útgjalda niðurjöfnunargjaldinu og öðrum lögboðnum tekjum.

Að lokum skal jeg geta þess, að aðferð bæjarstjórnarinnar í þessu máli virdist hafa verið fremur einræðisleg, þar sem hún áskilur sömu ákveðna upphæð fyrir hverja alin, án alls tillits til þess, hvað hver alin götunnar hefur í raun og veru kostað, og án þess stefnda hafi verið gefinn kostur á að kynna sér sundurliðaðan reikning yfir kostnaðinn við götulagninguna, eða átt kost á að kæra yfir gjaldinu, eins og öðrum niðurjöfnuðum gjöldum.

Jeg finn svo eigi ástæðu til að fara frekari orðum um mál þetta að svo stöddu, en mótmæli einu og öllu, lið fyrir lið, sem fram er komið af stefnandans hálfu, og leyfi mér að gera þær

réttarkröfur:

að stefndi verði algjörlega sýknaður í máli þessu og

að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað eptir mati réttarins.

Legg jeg svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Reykjavik 21. april 1904

Virðingarfyllst

[illegible]

Til
Bæjarþings Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð stefni jeg Árna Sæmundssyni í Reykjavík að hlýða á vitni stefnd og óstefnd er jeg, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar hjer, þarf að leiða í máli hennar gegn honum útaf vegalagningargjaldi, er koma skal fyrir bæjarþing Reykjavíkur 19. maí næstkomandi á venjulegum stað og tíma.

Reykjavík 11. maí 1904

Einar Benediktsson.

Ár 1904 miðvikudaginn 11. maí mánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykja=vík birt framanritaða stefnu fyrir Sigríðu Ólafsdóttir á heimili mans hennar stefnda Árna Sæmunds=sonar við Grettirsgötu hér í bænum sem við ekki gátum hitt heima,
Þetta vottum við, samkvæmt stefnuvotta eiði okkar, og staðfestum með nöfnum okkar, og innsiglum.
Gjaldið 1 einkróna

Greitt
B. S.P.

B. Björnsson     Sigurður Pétursson

No 9.
Framlagt í bæjarþingrjetti Reykjavíkur 19. maí 1904
Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Sigríður Ólafsdóttir Kona Árna~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhalds sóknar

í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Árna Sæmundssyni.

Jeg leyfi mjer hjer með að skila aptur skjölum málsins og vil út af vörn málspartsins leyfa mjer að fara einn nokkrum orðum um þetta mál.

Vörn hátto. málsparts er aðallega fólgin í því að vefengja rjett bæjarfjelagsins og stjórnar þess til þess að leggja gjald það sem hjer ræðir um á lóðareigendur í honum. En þar eð annað samhlíða mál er gefur enn ríkara tilefni til þess að snúa sjer að þeirri hlið málsins, er hjer nú liggur fyrir sama dómi, og þar sem enn fremur þessi hlið varnarinnar er einungis fólgin í því að „kenna rjettinum lög“ – þá vil jeg til þess að komast hjá því að þreyta hinn heiðraða rjett á endurtekningum aðallega leyfa mjer í þessu atriði að vísa til framhaldssóknar minnar í hinu nefnda samhlíða máli. – Þó vil jeg sjer-

No 16

Framlagt á bæjarþingi Reykjavíkur 19/5 1892
Hall. Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

staklega taka fram að tilvísun hlutv. málparts til 31. greinar í tilsk. 20. april 1872 verður ljett-væg til þess að gagnsanna heimild bæjarstjórnar til þess að leggja slíka gjald á sje einmitt at-hugað, að greinin sjálf leitar „grundvallarreglur" laga þessara í heild sinni við takmörk bæjar-stjórnarvaldsins, en það sjest í lögunum allvíða, sjerstaklega sbr. niðurlag 19. gr. tilsk. að landshöfðingjastaðfestingin á eptir vilja löggjafans að vera tryggingin fyrir því að rjetti þess einstaka eða hins opinbera sje ekki misboðið með reglum og ákvæðum bæjarstjórnarinnar. Enn fremur vil jeg sjerstaklega taka fram að þar sem svo hátta til sem hjer á Íslandi, og einkum hjer í Reykjavík, væri sú löggjöf harla óheppileg er leyfði sjer að binda sveitastjórnir of mjög við borð um það hvernig haga beri gjöldum í hverju einstöku tilfelli er fyrir kann að koma. Hlutverk fjelagsstjórna vorra er svo stórt og meðul þau er þær hafa í höndum svo smá, að slíkar rígskorður er hlutv. málsp. vill finna í löggjöfinni mundu valda tjóni og eyðileggingu, enda finnast þær ekki sjeu lögin rjett lesin, og samkvæmt hlutarins eðli verður að þýða heimildarákvæði fjelagsvaldsins sem víðast hjer, þar sem löggjafarbreytingar í hverju einstöku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilfelli mundi kosta svo feikna mikinn tíma að ósýnt er þá hvort breytingarnar kæmu að haldi, þá er þær væru komnar í gegnum verksmiðju hins almenna löggjafarvalds. Það er því full ástæða til þess, sem löggjöf vor einmitt hefur gjört, fyrst að gefa stjórn bæjarins mjög frjálsar hendur í því að beita reglum sínum svo sem henta þykir í hverju einstöku tilfelli og síðan veita hinu lægra ákvæðis-valdi bæjarins í sameining við hin æðstu umboðslegu völd sinna heimild til þess, á grundvelli laganna að semja nýjar, víðtækari og ákveðnari reglur um ýms tilfelli er koma fram eptir því sem tímum, auknar framfarir, og ný hlutverk bæjarstjórnar heimta.

Það atriði í vörn hlutað. mótparts sem er einkanlega ástæða til að snúa sjer að hjer, er sú fullyrðing hans að stefndu hafi ekki verið tilkynnt hvort skilyrði var upphaflega sett við útmælinguna á lóð hans.– Þessi fullyrðing getur nú ekki staðist þegar af þeirri ástæðu að framlögð útskript úr viðkomandi embættisbók kaupstaðarins sýnir hið gagnstæða. Þessi útskript hefur sönnunarkrapt skjals, er hefur „opinberan trúverðugleik“ – og dugar einföld neitun stefndu ekkert til þess að hagga því. En til frekari fullvissu um hve ástæðulaus neitun þessi er mun jeg í rjettinum koma fram vitnis–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

burdum hjer að lútandi. – Það skal og tekið fram að skjalið sjálft ber það með sjer að stefnda hefir verið tilkynnt þetta skilyrði, því hann fjekk enga heimild til lóðarinnar nema einmitt samkvæmt bókun viðkomandi nefndar um útmælinguna og undirskrift nefndarmanna undir hana með því skilyrði sem þar var sett.

En það er nú ennfremur augljóst að bæjarfjelagið stendur hjer á eina hlið gagnvart stefnda á aðra hlið fullkomlega á sama hátt að vígi sem maður gegn manni í frjálsum samningi. Bærinn hefir rjett til þess að binda erfðafestuafsal frá sjer því skilyrði sem hann vill og ef bærinn einu og stefndi heldur fram hefir ekki frjálsan rjett yfir lóðum sínum gegn einstaklingunum þá átti stefndi að höfða mál gegn bænum til nýrrar útmælingar en ekki taka lóðina og neita svo uppfylling skilyrðisins. En því fer fjarri að bærinn sje í þessum hendum slíkum skorðum er stefndi vill vera láta. Jeg neita því að tilvísun til tilsk. 17. nóv. 1786 sýni neitt í þessu efni. Það er ekki dregið í neinn efa að bærinn hefir rjett til að selja lóðirnar og einmitt það sem stefndi segir að vegalagningargjaldið eigi að skoðast sem partur af verði lóðarinnar sýnir ljóslega að bærinn hefir hjer ekki farið út yfir heimild sína samkvæmt fyrri og síðari lögum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg neita svo allri vörn mótpartsins orð fyrir orð og lið fyrir lið, sjerstaklega því að honum hafi verið ókunnugt um skilyrðið og að hann geti öðlast rjett til lóðarinnar án skilyrðisins. Held jeg fram fyrri rjettarkröfum og með tilvísun til þess sem fer fram í rjettinum í dag legg jeg málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 17. mai 1904

Virðingarfyllst

Einar Benediktsson

Til

bæjarþings Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 9/6 1904

Framhald varnar

í málinu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Árna Sæmundssyni.

Jeg skila hjer með ágripi skjölum málsins, nr. 1-10, og skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um framhald sóknar stefnanda.

Mjer virðist eigi stefnandi hafa heppnast að hrekja röksemdir stefnda, í varnarskjalinu, fyrir því að bæjarstjórnin og byggingarnefndin hefðu enga heimild haft til þess að gjöra það að skilyrði fyrir útmælingunni til stefnda að hann borgaði umrætt vegarlagningargjald. – Stefnandi neitar því að 5. gr. tilsk. 17. nóv. 1786 hafi nokkurt gildi, en hann tilfærir engin rök fyrir þessari neitun, sem því verður þýðingarlaus.

Stefnandi gengur alveg þegjandi framhjá þeirri Forudsætning, sem stefndi í varnarskjalinu hefur bent á að liggi í lögunum um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 3. okt. 1903, enda eru þessi lög mjög óþægileg fyrir málstað stefnanda, því þau sýna ljóslega að löggjafarvaldið hefur litið svo á að bærinn hefði ekki heimild til þess að heimta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endurgjald fyrir lóðir; annars væri þessi lög alveg meiningarlaus. Úr þessum lögum verður ekki beitt við þá, sem fengið hafa útmælingu áður en þau gengu í gildi, og þess vegna eigi við stefnda, sem var útmælt löngu áður, og því hefur bænum enga heimild til þess að heimta af honum endurgjald fyrir lóðina, undir hverju formi sem endurgjaldsins svo er krafist. Að hjer sje um nokkurskonar lóð-sölu að ræða er haldið fram í varnarskjali stefnda og því hefur stefnandi eigi mótmælt.
Af þessu sem hjer er sagt, liggur í augum uppi að bæjarstjórnin stendur einmitt ~~þann~~ ekki eins að vígi og prívatmaður, því löggjaf-inn hefur lagt, og leggur enn, að ýmsu leyti önnur og strangari bönd á ~~bæjar~~ hana en prívatmenn, og setur henni aðrar reglur, sem hún á að fara eptir, og bjóði hún móti þessum reglum eru ákvarðanir hennar ógild-ar með öllu. Nú bönnuðu lögin bæjarstjórninni (eða heimiluðu henni ekki) að krefjast endur-gjalds fyrir lóðir, í hverju formi sem krafan svo kom fram, svo að þó hún, eða byggingar-nefndin, hefði gjört að skilyrði fyrir út-mælingunni til stefnda að hann yrði að borga nefnt vegalagningargjald, þá gat hann látið það sem vind um eyrun þjóta sem aðra markleysu, því hann vissi að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

engin heimild var til þess að selja þetta skilyrði þar sem eigi mátti selja lóðir, og gat því gengið út frá því sem gefnu að gjaldið yrði aldrei rjettilega heimtað af sjer.

Að því er snertir það atriði að ákvæðið í samþykkt Reykjavíkurkaupstaðar um að hægt sje að heimta gjald til vega af lóðaeigendum, hafi yfirhöfuð ekki heimild í tilsk. 20. apr. 1872, skal jeg vísa til varnarskjals stefnda.

Samkvæmt framansögðu neita jeg framhaldi sóknar stefnanda í heild sinni, og vísa til þess, sem þegar er framkomið í málinu af hendi stefnda og held fast fram áðurgjörðum rjettarkröfum. - Legg jeg svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Reykjavík 8. júní 1904
Virðingarfyllst
Eggert Claessen.

Til
bæjarþings Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur